
Minnisblað

Dagsetning: 17. júlí 2020
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu fjöldatakmarkana og rýmkun opnunartíma skemmtistaða vegna COVID-19.

Frá því að skimanir fyrir COVID-19 á landamærum voru teknar upp þ. 15. júní sl. hafa rúmlega 50 þúsund ferðamenn komið hingað til lands og sýni verið tekin frá tæplega 30 þúsund þeirra. Virk smit hafa fundist hjá fjórtán einstaklingum og innanlandssmit frá þeim hafa greinst hjá 11. Engin önnur innanlandssmit hafa greinst hér síðan 15. júní sl.

Hér á landi hafa verið í gildi 500 manna fjöldatakmarkanir á viðburðum frá 15. júní sl. og sömuleiðis hefur skemmti- og vínveitingastöðum verið gert að loka kl 23:00.

Ég tel að skimanir á landamærum séu nú komnar í gott horf og hefur opnun landamæranna ekki leitt til aukningar á innanlandssmitum. Því tel í tímabært að huga að frekari tilslökunum á takmörkunum innanlands.

Ég legg því til eftirfarandi:

- 500 manna fjöldatakmarkanir verði áfram í gildi til 4. ágúst næstkomandi.
- Þann 4. ágúst 2020 taki gildi 1.000 manna fjöldatakmarkanir.
- Frá og með 4. ágúst 2020 verði skemmti- og vínveitingastöðum leyft að hafa opið til kl. 24:00.

Með kveðju

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir